ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 43**

**31. árgangur**

**23.5.2024**


| | | | |
|---|---|---|---|
| | **I** | **EES-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | **II** | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| **2024/EES/43/01** | | Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2024/SC frá 1. febrúar 2024 um skipan bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028 .......................... | 1 |
| | **2.** | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| **2024/EES/43/02** | | Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 002/24/COL ............. | 2 |
| **2024/EES/43/03** | | Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 006/24/COL ............. | 3 |
| | **3.** | **EFTA-dómstóllinn** | |
| | **III** | **ESB-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2024/EES/43/04** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11433 – SÜWAG/ALTERRIC/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ..................... | 4 |
| **2024/EES/43/05** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11493 – WÜRTH GROUP/IDG01) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ............. | 5 |
| **2024/EES/43/06** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11503 – VITOL/SARAS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .............................. | 6 |
| **2024/EES/43/07** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11527 – ENGIE/MACQUARIE/MPBV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ............. | 7 |
| **2024/EES/43/08** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11553 – CENTRAL/BERLIN PROPERTY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ..... | 8 |
| **2024/EES/43/09** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11560 – GIP/ORSTED/SOUTHFORK WIND/REVOLUTION WIND) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ....................................................................... | 9 |

| | | |
|---|---|---|
| **2024/EES/43/10** | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11567 – MSI/FINHOLD/ SALCEF) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .......... | 10 |
| **2024/EES/43/11** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11217 – PETRONORD/PETROCARGO/HEMPELMANN WITTEMÖLLER) ..... | 11 |
| **2024/EES/43/12** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11387 – VOLVO/WESTPORT/JV) ........................................................................ | 11 |
| **2024/EES/43/13** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11388 – HYDRO ENERGI/MIRACL/REIN JV) .................................................. | 12 |
| **2024/EES/43/14** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11478 – GUNVOR/EVE/BBE) ............................................................................. | 12 |
| **2024/EES/43/15** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11498 – BRITANNIC STRATEGIES/GETEC ENERGIE) .................................. | 13 |
| **2024/EES/43/16** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11505 – CVC/EMMA/MAILSTEP) ...................................................................... | 13 |
| **2024/EES/43/17** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11534 – STONEPEAK/ORSTED/OONA ENERGY) ........................................... | 14 |
| **2024/EES/43/18** | Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH) ................................................. | 15 |
| **2024/EES/43/19** | Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við .............. | 16 |

# EFTA-STOFNANIR

## FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

**ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA** **2024/EES/43/01**

**nr. 1/2024/SC frá 1. febrúar 2024**

**um skipan bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028**

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir,

með vísan til samnings sem gerður verður um nýtt fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028,

með vísan til samnings sem gerður verður milli Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2021–2028,

Að teknu tilliti til málsmeðferðarreglna sem voru samþykktar af fjármagnskerfi EES í samræmi við 8. gr. ákvörðunar nr. 4/2004/SC,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

**Bráðabirgðanefnd til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028**

1. Sett er á fót bráðabirgðanefnd til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028 og nefnist hún hér á eftir bráðabirgðanefndin.
2. Hlutverk bráðabirgðanefndarinnar er að aðstoða EFTA-ríkin við undirbúning að rekstri fjármagnskerfis EES fyrir árin 2021-2028.
3. Bráðabirgðanefndin heyrir undir fastanefndina.
4. Nefnd, sem skipuð verður til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021-2028, skal taka við störfum bráðabirgðanefndarinnar gildistökudag samningsins um stofnun fjármagnskerfis EES fyrir árin 2021-2028 eða daginn sem hann kemur til framkvæmda til bráðabirgða.
5. Bráðabirgðanefndin skal taka til umræðu og mats hugsanlega samhæfingu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins.
6. Sérhvert EFTA-ríki, sem á aðild að EES-samningnum, skal eiga fulltrúa í bráðabirgðanefndinni og hafa eitt atkvæði.
7. Málsmeðferðarreglurnar sem voru samþykktar af fjármagnskerfi EES í samræmi við 8. gr. ákvörðunar nr. 4/2004/SC skulu gilda að breyttu breytanda um bráðabirgðanefndina.

*2. gr.*

**Birting**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

*3. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2024.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

| Leder | Generalsekretær |
|---|---|
| *Kristján Andri Stefánsson* | *Siri Veseth Meling* |

* * * * * *

# EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum** **2024/EES/43/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

| | |
|---|---|
| Dagsetning ákvörðunar | 17. janúar 2024 |
| Málsnúmer | 91103 |
| Ákvörðun | 002/24/COL |
| EFTA-ríki | Noregur |
| Titill (og/eða heiti styrkþega) | Ríkisaðstoð í þágu sérhæfðra grunnvirkja sem tengjast óhefðbundnu eldsneyti 2021-2025 |
| Lagastoð | Áætlanir Enova |
| Tegund aðstoðar | Aðstoðarkerfi |
| Markmið | Umhverfismál |
| Aðstoðarform | Styrkir |
| Fjárveiting | Árleg hámarksfjárveiting: 500 milljónir NOK<br>Hámarksheildarfjárveiting er 1900 milljónir NOK |
| Aðstoðarhlutfall | 40% fyrir stór fyrirtæki, 50% fyrir meðalstór fyrirtæki og 60% fyrir lítil fyrirtæki |
| Gildistími | Til 31. desember 2025 |
| Atvinnugreinar | Opið öllum atvinnugreinum |
| Heiti og póstáritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð | Enova SF, Brattørkaia 17A, 7010 Trondheim, Norway |
| Aðrar upplýsingar | |

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/.

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum** **2024/EES/43/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

| | |
|---|---|
| Dagsetning ákvörðunar | 7. febrúar 2024 |
| Málsnúmer | 91557 |
| Ákvörðun | 006/24/COL |
| EFTA-ríki | Ísland |
| Landssvæði | Öll |
| Titill (og/eða heiti styrkþega) | Hagstæð skattameðferð á hagnaði vegna hlutabréfavalrétti í sprotafyrirtækjum á sviði rannsókna og þróunar |
| Innlend lagaákvæði | A-liður 10 .gr. tekjuskattslaga |
| Tegund aðstoðar | Aðstoðarkerfi |
| Markmið | Að auka getu sprotafyrirtækja til að ráða og halda í lykilstarfsfólk |
| Aðstoðarform | Skattundanþága |
| Fjárhagsáætlun | Að hámarki 500 000 evrur á ári |
| Aðstoðarhlutfall | 9.48% – 24.28% |
| Gildistími | 2024- 2033 |
| Atvinnugreinar | Rannsóknir og þróun |
| Heiti og póstáritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð | Fjármála- og efnahagsráðuneytið<br>Arnarhvoli við Lindargötu<br>101 Reykjavík<br>Ísland |
| Aðrar upplýsingar | |

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/04**

**(mál M.11433 – SÜWAG/ALTERRIC/JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Süwag Grüne Energien und Wasser AG & Co. KG („Süwag“), sem lýtur yfirráðum E.ON SE (bæði Þýskalandi)

   – Alterric Deutschland GmbH („Alterric“), sem lýtur yfirráðum EWE AG (bæði Þýskalandi)

   Süwag og Alterric ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir sameiginlegu fyrirtæki.

   Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Süwag framleiðir orku, rekur orkunet og afhendir raforku, gas og hita til endaviðskiptavina.

   – Alterric skipuleggur, byggir, rekur og viðheldur vindorkuuppsetningum og afhendir raforku.

3. Nýstofnaða sameiginlega fyrirtækið mun starfa við skipulagningu, byggingu og rekstur á vindorkuuppsetningum og við afhendingu á raforku.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11433 – SÜWAG/ALTERRIC/JV

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/05**

**(mál M.11493 – WÜRTH GROUP/IDG01)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – W.EG Italia S.r.l. („W.EG“, Ítalíu), sem lýtur yfirráðum samstæðunnar Adolf Würth GmbH & Co. KG („Würth Group“, Þýskalandi)

   – IDG01 S.p.A. („IDG01“, Ítalíu), sem lýtur yfirráðum IDG S.p.A. („IDG“, Ítalíu).

   Würth Group öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir IDG01 í heild.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Würth Group er alþjóðlegur heildsöluaðili og framleiðslufyrirtæki og er kjarnastarfsemi fyrirtækisins sala, þróun og framleiðsla á samsetningar- og festiefni.

   – IDG01 er heildsöludreifingaraðili sem sérhæfir sig einkum í sölu á rafmagnsvörum, auk hitunar-, pípulagninga- og hreinlætisvörum á Ítalíu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 22.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11493 – WÜRTH GROUP/IDG01

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/06**

**(mál M.11503 – VITOL/SARAS)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Vitol Holding B.V. („Vitol“, Niðurlöndum), sem lýtur óbeinum yfirráðum Vitol Holding II S.A. (Lúxemborg), endanlegu móðurfélagi Vitol samstæðunnar

   – Saras S.p.A. („Saras“, Ítalíu), sem lýtur yfirráðum Massimo Moratti S.a.p.A. di Massimo Moratti (Ítalíu), Angel Capital Management S.p.A. (Ítalíu) og Stella Holding S.p.A. (Ítalíu)

   Vitol öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Saras í heild.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Vitol starfar einkum við viðskipti með og dreifingu á orku og hrávörum um allan heim.

   – Saras starfar einkum við jarðolíuhreinsun og framleiðslu á orku, frá iðnaðaraðstöðu og vindorkuverum sínum á Ítalíu, auk þess að fást við heildsöludreifingu á hreinsuðum jarðolíuafurðum á Ítalíu og Spáni.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11503 – VITOL/SARAS

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/07**

**(mál M.11527 – ENGIE/MACQUARIE/MPBV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Engie S.A. („ENGIE“, Frakklandi)

   – MIP VI International AIV, L.P. („MIP VI“, Kanada), sem lýtur yfirráðum Macquarie Group Limited („Macquarie Group“, Ástralíu)

   – Mayakan Pipeline B.V. („MPBV“ eða hið sameiginlega félag „JV“, Niðurlöndum)

   ENGIE og Macquarie öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir JV (hinu sameiginlega félagi).

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – ENGIE er alþjóðleg samstæða með höfuðstöðvar í Frakklandi sem starfar við lítt kolefnislosandi orkugjafa, gas og þjónustu.

   – MIP VI er sjóður með höfuðstöðvar í Kanada sem tekur þátt í fjárfestingum í orku- og innviðaeignum sem staðsettar eru í Norður-Ameríku og Suður-Ameríku og sem lýtur endanlega yfirráðum Macquarie Group. Macquarie Group er áströlsk alþjóðleg fjármálaþjónustusamstæða.

   – Eina starfsemi MPBV er að vera eigandi mexíkanska fyrirtækisins Mayakan, sem á og er handhafi leyfis á jarðgasleiðslu sem staðsett er í Mexíkó.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11527 – ENGIE/MACQUARIE/MPBV

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/08**

**(mál M.11553 – CENTRAL/BERLIN PROPERTY)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Central Group („Central“, Thaílandi)

   – Fasteign staðsett í Berlín, Tauentzienstraße 21-24 Immobilien GmbH & Co. KG (andlag viðskiptanna, „Target“, Þýskalandi)

   Central nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna, Target.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Central starfar við varningssölu, fasteignir, smásölu, veitingastaða- og gistiþjónustu. Innan ESB starfar Central á sviði smásölu, undir merkinu (la Rinascente Spa) á Ítalíu, undir merkinu (KaDeWe Group) í Þýskalandi og undir merkinu (Illum A/S) í Danmörku. Central starfar einnig við þróun fasteigna á fasteignamarkaði innan ESB.

   – Andlag viðskiptanna (Target) er löglegur og raunverulegur eigandi fasteignarinnar í Passauer Straße 39 – 43 / Tauentzienstraße 21 – 24 / Ansbacher Straße 26/28, sem er skráð í þinglýsingabók Schöneberg, sem geymd er hjá héraðsdómstólnum (Amtsgereicht) í Schöneberg, blaðnr. (e. folio) 13350, lóð 48/3. Fasteignin er leigð KaDeWe Group með langtímaleigusamningi. KaDeWe Group rekur verslun sína með húsgögn, húsbúnað og heimilisvörur í Berlín á eigninni.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 21.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11553 – CENTRAL/BERLIN PROPERTY

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/09**

**(mál M.11560 – GIP/ORSTED/SOUTHFORK WIND/REVOLUTION WIND)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – GIP IV Whale Fund Holdings, L.P. („GIP“, Bandaríkjunum)

   – Orsted A/S („Orsted“, Danmörku)

   – South Fork Wind, LLC („South Fork Wind“, Bandaríkjunum), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum Eversource Energy („Eversource“, Bandaríkjunum) og Orsted

   – Revolution Wind, LLC („Revolution Wind“, Bandaríkjunum), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum Eversource og Orsted

   GIP og Orsted ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir South Fork Wind og Revolution Wind.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – GIP er innviðasjóður sem starfar um allan heim og sem fjárfestir einkum í flutningum, orku, úrgangi, vatni og stafrænum innviðum.

   – Orsted er fjölþjóðlegt orkufyrirtæki, sem starfar einkum við þróun, byggingu og rekstur vindbúa undan ströndum í Evrópu, Ameríkuríkjum og á Asíu-Kyrrahafssvæðinu.

3. South Fork Wind og Revolution Wind eru tvö vindorkuverkefni undan ströndum sem eru í þróun, staðsett í Bandaríkjunum og sem munu einungis þjóna viðskiptavinum í Norður-Ameríku.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 24.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11560 – GIP/ORSTED/SOUTHFORK WIND/REVOLUTION WIND

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/10**

**(mál M.11567 – MSI/FINHOLD/SALCEF)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Morgan Stanley Infrastructure Inc. („MSI“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Morgan Stanley (Bandaríkjunum)

   – Finhold S.r.l. („Finhold“, Ítalíu), sem lýtur yfirráðum Salciccia fjölskyldunnar (Ítalíu)

   – Salcef Group S.p.A. („Salcef“, Ítalíu), sem lýtur sem stendur yfirráðum Finhold

   MSI og Finhold öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Salcef í heild.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – MSI veitir fjármálaþjónustu um allan heim, m.a. ráðgjöf um eignastýringu og, einkum, ráðgjöf til sjóða sem fjárfesta í innviðaeignum, einkum í OECD-ríkjum. MSI lýtur yfirráðum sér í lagi af hálfu Morgan Stanley, sem er fjármálaþjónustufyrirtæki sem starfar um allan heim, er leiðandi á sínu sviði og annast margvíslega þjónustu á borð við fjárfestingabankastarfsemi, verðbréf, auðstýringu og fjárfestingarstýringu.

   – Finhold er eignarhaldsfélag sem lýtur endanlega yfirráðum Salciccia fjölskyldunnar.

3. Starfsemi Salcef er sem hér segir: bygging og viðhald á innviðum járnbrauta og neðanjarðarlesta, einkum í Evrópu, Bandaríkjunum og á Mið-Austurlöndum.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 22.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11567 – MSI/FINHOLD/SALCEF

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

---

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/11**

**(mál M.11217 – PETRONORD/PETROCARGO/HEMPELMANN WITTEMÖLLER)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11217. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/12**

**(mál M.11387 – VOLVO/WESTPORT/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11387. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/13**

**(mál M.11388 – HYDRO ENERGI/MIRACL/REIN JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11388. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/14**

**(mál M.11478 – GUNVOR/EVE/BBE)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11478. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

## Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja 2024/EES/43/15

## (mál M.11498 – BRITANNIC STRATEGIES/GETEC ENERGIE)

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11498. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

## Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja 2024/EES/43/16

## (mál M.11505 – CVC/EMMA/MAILSTEP)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11505. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2024/EES/43/17**

**(mál M.11534 – STONEPEAK/ORSTED/OONA ENERGY)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11534. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

**Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)** **2024/EES/43/18**

*(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006)* ([1])

Ágrip eftirfarandi ákvörðunar um veitingu leyfis hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

| Efnaheiti | Tilvísun ákvörðunar | Dagsetning ákvörðunar | Markaðsleyfisnúmer | Nánari upplýsingar |
|---|---|---|---|---|
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0 | C(2024) 2596 | 30. apríl 2024 | REACH/24/5/0 | C/2024/2981, 7.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2681 | 30. apríl 2024 | REACH/24/8/0 | C/2024/3024, 7.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2882 | 7. maí 2024 | REACH/24/10/0<br>REACH/24/10/1<br>REACH/24/10/2<br>REACH/24/10/3<br>REACH/24/10/4<br>REACH/24/10/5<br>REACH/24/10/6<br>REACH/24/10/7<br>REACH/24/10/8<br>REACH/24/10/9<br>REACH/24/10/10<br>REACH/24/10/11<br>REACH/24/10/12<br>REACH/24/10/13 | C/2024/1347, 15.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2928 | 8. maí 2024 | REACH/24/7/0 | C/2024/3103, 15.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2884 | 8. maí 2024 | REACH/24/12/0 | C/2024/3105, 15.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2880 | 8. maí 2024 | REACH/24/13/0<br>REACH/24/13/1 | C/2024/3116, 15.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2864 | 8. maí 2024 | REACH/24/11/0<br>REACH/24/11/1 | C/2024/3118, 15.5.2024 |
| Díkróm tris(krómat) (EB nr. 246-356-2, CAS nr. 24613-89-6) | C(2024) 2879 | 8. maí 2024 | REACH/24/9/0 | C/2024/3120, 15.5.2024 |
| krómtríoxíð (EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0) | C(2024) 2859 | 14. maí 2024 | REACH/24/15/0 | C/2024/3124, 21.5.2024 |

Ákvarðanirnar er að finna á eftirfarandi slóð á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: Authorisation (europa.eu)

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 54, 25.9.2014, bls. 1275.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins** **2024/EES/43/19**

**Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

| Málsnúmer | Aðildarríki | Lands-svæði | Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega) | Upplýsingarnar birtust (birtingartilvísun í |
|---|---|---|---|---|
| SA.103083 | Ítalía | Sicilia | RRF - STMICROELECTRONICS S.R.L. (ST) – NEW SIC SUBSTRATES PLANT IN CATANIA | C/2024/3203, 13.5.2024 |
| SA.113322 | Grikkland | | The procedures and detailed conditions for granting the aid are set out in Joint Ministerial Decision (JMD) A1105/29-07- | C/2024/3207, 14.5.2024 |
| SA.109995 | Litháen | | Ūkio subjektų turimų perleidžiamųjų teisių į žvejybos vidaus vandenyse kvotas perleidimas aplinkos ministro įgaliotai | C/2024/3220, 15.5.2024 |
| SA.112704 | Kýpur | | Scheme for the management of loans granted under Government Housing Plans (OIKIA scheme) | C/2024/3226, 17.5.2024 |
| SA.109772 | Pólland | | TCTF: Amendment to SA.108355 - cereals trading, grain purchase, agricultural plant seed trading, buying or freezing of soft fruit, | C/2024/3229, 17.5.2024 |

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: https://ec.europa.eu/competition/elojade/isef/index.cfm